

Efnisyfirlit

LEIKSKÓLINN BIRKILUNDUR.....	3
Inngangur	3
Skólanámskrá Birkilundar	3
Forsenda leikskólastarfsins	3
Markmið Birkilundar	4
1. Daglegt líf í leikskóla	5
Að koma og fara.....	5
Að klæða sig í og úr.....	5
Matartími	5
Hvöld	6
Hreinlæti.....	6
Frágangur og snyrtimennska	6
2. Grunnþættir menntunar	6
3. Námsvið leikskóla	8
Læsi og samskipti	8
Heilbrigði og vellíðan.....	9
Sjálfbærni og vísindi	10
Sköpun og menning	11
3. Leikskólastarf.....	12
Útivera.....	12
Samverustundir.....	12
Hópvinna	12
Val	13
Verkefni fyrir elstu börnin	13
Nám án aðgreiningar - sérkennsla.....	13
Lífsleikni.....	14
4. Foreldrasamstarf - samvinna.....	14
Velkomin í leikskóla	15
Aðlögun.....	15
Foreldrafundir	15
Foreldraviðtöl.....	15
Foreldrafélag	16
Foreldranáð.....	16
Trúnaður - tilkynningaskylda	16

5. Samstarfsaðilar	16
6. Innra gæðamat - sjálfsmat leikskóla	17
7. Stjórnun og starfshættir	17
8. Öryggismál	17

LEIKSKÓLINN BIRKILUNDUR

560 Varmahlíð

Sími 453 8215

Netfang birkilundur@skagafjordur.is

Inngangur

Leikskólinn Birkilundur er staðsettur í Varmahlíð. Hann var vígður 29. janúar 1999, en hann tók við af leikskólanum Hvannahlíð, sem var starfræktur frá 1982. Deildir leikskólans eru tvær; Kvistaland er fyrir 1-3 ára börn og Könglaland fyrir 4-6 ára börn. Haustið 2004 fékk leikskólinn til afnota sumarhús, Furulund 5, sem stendur við hornið á lóðinni. Hlaut það nafnið Furulund og er nýtt sem leikrými. Með þessu viðbótarhúsnæði geta 35 börn dvalið í leikskólanum samtímis.

Birkilund sækja börn af öllu skólasvæði Varmahlíðarskóla.

Umhverfi leikskólans er mjög fjölbreytt. Þar er mikill trjágróður og móar og melar fyrir ofan. Við hliðina á leikskólanum er skógarreitur sem Skógræktarfélag Skagafjarðar á. Eru trén þar orðin hávaxin og veita gott skjól í garðinum auk þess sem þar er kjörið útivistarsvæði. Varmahlíðarhverfið er byggt austan í Reykjarhólnum. Reykjarhólsskógur þekur mestan hluta hólans, gangstígar eru víða um skóginn og alla leið upp á topp. Á toppnum er hringsjá og mikið og fallegt útsýni. Húseyjarkvíslin rennur neðan við Varmahlíðarhverfið og er í stuttu göngufæri frá leikskólanum. Þar er oft fjörugt fuglalíf.

Skólanámskrá Birkilundar

Námskrá leikskólans Birkilundar mótast af þeim áherslum sem lagðar eru í Aðalnámskrá leikskóla, stefnu sveitarfélagsins, sérstökum áherslum/stefnu leikskólans og af þeim aðstæðum sem hann býr við. Hér er átt við ytri aðstæður og umhverfi leikskólans og þann faglega og persónulega bakgrunn sem mótar viðhorf kennaranna og starf.

Menntamálaráðuneytið gefur út Aðalnámskrá leikskóla. Hún er fagleg stefnumörkun og lýsir sameiginlegum markmiðum og kröfum sem eiga við um allt leikskólastarf. Hún inniheldur hugmyndafræði leikskóla, markmið og leiðir. Aðalnámskrá er ákveðinn rammi um leikskólastarfið og undirstaða frekari skólanámskrárgerðar.

Lög um leikskóla, Reglugerð um starfsemi leikskóla og Aðalnámskrá leikskóla er að finna á netinu: www/mrn.stjr.is

Forsenda leikskólastarfsins

Leikskólastarf og leikskólauppeldi byggir á sérstökum uppeldisaðferðum og sérstakri grundvallarhugmyndafræði. Þeir sem vinna að leikskólauppeldi sækja hugmyndir til kenninga og rita ýmissa heimspekinga og uppeldisfrömuða.

Í leikskólauppeldi er leikurinn leiðandi hugtak. Fræðimenn eru sammála um að leikurinn sé helsta náms- og þroskaleið barna og rannsóknir sýna að lítil börn læra og þroskast best í leik. Leikurinn er hornsteinn leikskólastarfsins og er jafnframt helsta kennsluáferð í leikskólanum. Sköpunarþörf, virkni og hugmyndaflug barna birtist í leikjum þeirra. Í leikjum fá börnin hreyfipörf sinni fullnægt og þau þjálfu hreyfingar sínar og líkamsstjórn. Í þykjustu- og hlutverkaleikjum og öðrum samleikjum lærist börnum nauðsyn þess að vinna saman og taka tillit hvert til annars á jafnréttisgrundvelli. Í leik öðlast börnin samkennd og vináttu. Í skipulögðum leikjum og regluleikjum læra þau einfaldar samskiptareglur og að virða rétt annarra, í slíkum leikjum vaknar og þróast lýðræðisvitund þeirra.

Leikskólauppeldi er annars konar uppeldi en það sem foreldrar veita og er mikilvæg viðbót við það. Foreldrar eru óumdeilanlega aðaluppelendur barna sinna og bera meginábyrgð á uppeldi þeirra. Uppeldi og menntun leikskólabarnanna er samvinnuverkefni allra kennaranna í leikskólanum, þar sem þeir leggjast á eitt um að skapa börnunum gott, hlýlegt og fræðandi uppeldisumhverfi. Í leikskólastarfi fléttast saman á ýmsan hátt hugtökin leikur - vinna - nám. Börn í leikskóla læra fyrst og fremst í leik og daglegu starfi við eðlilegar og áþreifanlegar aðstæður. Líkamleg og andleg umönnun er forsenda þess að börn öðlist öryggiskennd og geti dafnað og lært af umhverfi sínu. Börnin þurfa að njóta sín sem einstaklingar, en jafnframt að læra að vinna saman, eignast vini og öðlast heilbrigða samkennd. Skipulag og búnaður leikskóla á að stuðla að því að vekja forvitni barnanna, efla sjálfstæði þeirra og frumkvæði, virkni, áhuga og gleði.

Markmið Birkilundar

- Að vinna með umhverfið og náttúruna
- Að styðja við frjálsta leikinn
- Að bjóða uppá hreyfingu, útiveru og hollt mataræði
- Að efla félagslega færni
- Að styðja við málörvun og málskilning
- Að örva skapandi starf

Til þess að ná þessum markmiðum er á hverjum degi gefinn góður tími fyrir sjálfsprottinn leik, boðið er upp á fjölbreyttan efnivið til að vinna með og unnið er með sérstök viðfangsefni í minni hópum. Tákn með tali er notað í daglegu starfi leikskólans (sjá nánar á tmt.is). Unnið er með Stig af stigi í elstu árgöngunum (upplýsingar á netinu á reynismenn.is). Útivera er daglega og lögð er áhersla á hollt mataræði.

Til þess að tryggja vellíðan barnanna í leikskólanum höfum við ákveðnar reglur og ramma um starfið. Það skapar öryggi hjá börnunum að vita að hverju þau ganga.

1. Daglegt líf í leikskóla

Venjubundnar athafnir daglega lífsins í leikskólanum mótast af andlegum og líkamlegum þörfum barna og heilsu. Markmiðið er að börnin verði sjálfstæð og sjálfbjarga. Líkamleg umönnun og heilsuvernd stuðlar að almennri vellíðan barnsins. Návist kennarans við barnið í leik og starfi gefur dvöl þess í leikskólanum dýpra gildi.

Að koma og fara

Lögð er áhersla á að taka vel á móti hverju barni svo það finni sig velkomið í leikskólann. Barnið þarf að upplifa öryggi og það viðmót sem það mætir getur haft úrslitabýðingu varðandi góð samskipti og tengsl.

Foreldrar eiga að fylgja börnunum inn á deild eða á útileiksvæði, eftir því hvar þeirra hópur er. Einnig er ætlast til þess að börnin séu sótt þangað sem þau eru í leik. Það er mikilvægt að börnin komi á réttum tíma og séu sótt á réttum tíma því þá eru kennararnir til staðar til að sinna hverju barni. Það er erfiðara bæði fyrir barn og kennara ef komið er inn í miðja vinnustund, eða þegar öll hin börnin eru komin í leik.

Að klæða sig í og úr

Mikið nám fer fram í fataherberginu einkum í sjálfshjálp og samskiptum. Mikilvægt er að vanda til skipulagsins svo tíminn þar nýtist til náms og aukins þroska.

Markmiðið er að börnin

- verði sjálfbjarga, klæði sig í og úr fötum og gangi frá eftir sig
- læri smátt og smátt að velja klæðnað miðað við veður
- sýni hvert öðru tillitsemi og samhjálp

Leiðir

- Fá börn fara í einu í fataherbergið.
- Hvetja börnin til að hjálpa sér sjálf og aðstoða þau í stað þess að gera fyrir þau.
- Tala um hvernig veður og hitastig er og hvernig klæðnaður er æskilegur út frá því.
- Leggjum áherslu á að börnin gangi eins vel frá eftir sig og hægt er að ætlast til í þeim aðstæðum sem eru í fataherberginu.

Matartími

Mikilvægt er að vel takist til í matartímanum svo börnunum líði vel í leikskólanum. Þarf þar að fara saman sú nauðsyn að börnin fái fjölbreytta og holla fæðu og góðar og rólegar aðstæður þannig að þau geti nýtt sér þá fæðu sem í boði er.

Markmiðið er að

- kenna almenna borðsiði

- börnin geti bjargað sér sjálf við matarborðið
- börnin læri að taka tillit til annarra.

Leiðir

- kennarar skulu vera góðar fyrirmyndir
- kennarar leiðbeina börnunum og aðstoða þau ef þörf er á
- kennum börnunum að biðja um það sem þau vantar og rétta það sem aðrir biðja um.

Hvöld

Til þess að njóta leikskóladagsins er nauðsynlegt að börnin fái þá hvíld sem þau þurfa til að endurnýja starfskrafta sína. Yngstu börnin leggjast og sofna. Eldri börnunum er skipt í hópa og lesið fyrir þau.

Hreinlæti

Hreinlætisuppeldi er margslungið og viðkvæmt.

Markmiðið er að börnin

- tileinki sér almennar hreinlætisvenjur
- verði sjálfbjarga á þessu sviði.

Leiðir

- lögð áhersla á að börnin þvoi hendur eftir salernisferðir og útiveru
- salerni og handlaugar í barnastærð svo börnin eigi möguleika á að bjarga sér sjálf

Frágangur og snyrtimennska

Einn liður í uppeldi og menntun barnanna er að þau læri að ganga eftir sig. Börnin eru þátttakendur í undirbúningi að ýmsum verkefnum, t.d. með því að sækja sér efnivið. Lögð er áhersla á að leikföng og efniviður sé aðgengilegur börnunum.

2. Grunnþættir menntunar

Í Aðalnámskrá leikskóla eru tilgreindir þeir 6 grunnþættir sem menntastefnan byggist á. Starfshættir skóla eiga að taka mið af þessum grunnþáttum og þeir eiga að vera sýnilegir í öllu skólastarfinu. Þessir grunnþættir eru læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun. Í umfjöllun um námsviðin verður greint frá hvernig við vinnum. Þar sem erfitt getur verið að finna lýðræðið í námsviðunum munum við gera nánari grein fyrir því í tengslum við kaflann um grunnþáttinn en að öðru leiti verður í þessum kafla stuttlega gerð grein fyrir því hvað hver grunnþáttur felur í sér.

Læsi

„Læsi snýst um samkomulag manna um málnotkun og merkingu orða í málsamfélagi og er því félagslegt í eðli sínu. Það er háð hefð og er því ekki færni sem einstaklingar geta öðlast og beitt óháð stað og stund, menningu og

gildum. Læsi krefst skriffæra, efnis til að skrifa á og miðils, t.d. bókar, til að koma ritsmíðinni á framfæri og snýst því að hluta til um tæknimiðla og verkunnáttu." (Aðalnámskrá leikskóla bls 16).

Sjálfbærni

„Í sjálfbærnimenntun felst að skapa samábyrgt samfélag þar sem sérhver einstaklingur er þroskaður sem virkur borgari, meðvitaður um gildi, viðhorf og tilfinningar sínar gagnvart hnattrænum áhrifum og jafnræði allra jarðarbúa... Í sjálfbærnimenntun felst einnig að börn og ungmenni takist í námi sínu á við margvísleg álitamál og ágreiningsefni. Kennsla og starfshættir innan skólans skulu fléttast saman við það viðhorf að markmið menntunar sé geta til aðgerða. Í því felst þjálfun í lýðræðislegum vinnubrögðum og því að stuðlað sé að áhuga og vilja til þess að börnin og ungmennin taki þátt í samfélaginu." (Aðalnámskrá leikskóla bls 18-19).

Lýðræði og mannréttindi

„Í lýðræði taka einstaklingar afstöðu til siðferðilegra álitamála og virkan þátt í mótun samfélagsins. Í lýðræðisríki þurfa borgararnir að búa við mannréttindi og ráða öllum meiriháttar málum sínum sameiginlega. Forsenda lýðræðis er samábyrgð, meðvitund og virkni borgaranna sem gerir þá færa um að taka þátt í að móta samfélag sitt og hafa áhrif nær og fjær. Virðing fyrir manngildi og heilbrigði barna og ungmenna felur bæði í sér virðingu fyrir mannréttindum þeirra og viðurkenningu á hæfileikum þeirra og þroskamöguleikum." (Aðalnámskrá leikskóla, bls 19).

Í Birkilundi nýtum við ýmis tækifæri sem gefst til þess að láta börnin velja eða komast að samkomulagi um hvernig hlutirnir eiga að vera. Þau velja umbun í SMT, þau velja nafn á hópinn sinn, þau fá stundum að ákveða hvað á að vera í matinn og sá sem er þjónn fær að velja að hvaða borði skuli setjast fyrst. Við gefum tíma fyrir frjálsan leik á hverjum degi þar sem ýmisleg skoðanaskipti fara fram og oft þarf að leysa ágreining. Við notum sögur til að skapa umræður og fjalla um ákveðin hugtök. Við reynum að haga skipulagi þannig að ávallt sé mögulegt að ræða einslega við barn gerist þess þörf. Til þess að gefa börnunum meiri ábyrgð þá gætum við gefið þeim eftirlitshlutverk, t.d. að fylgjast með því að ljós séu ekki látin loga eða vatn látið renna að óþörfu.

Jafnrétti

„Markmið jafnréttismenntunar er að skapa tækifæri fyrir alla til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og lifa ábyrgu lífi í frjálsu samfélagi í anda skilnings, friðar, umburðarlyndis, víðsýnis og jafnréttis. ... Jafnrétti er regnhlífarhugtak sem nær til margra þátta. Hér á eftir er upptalning nokkurra þeirra í stafrófsröð: Aldur, búseta, fötlun, kyn, kynhneigð, litarháttur, lífsskoðanir, menning, stétt, trúarbrögð, tungumál, ætterni, þjóðerni. Á öllum

skólastigum á að fara fram menntun til jafnréttis þar sem fjallað er um hvernig ofangreindir þættir geta skapað mismunun eða forréttindi í lífi fólks." (Aðalnámsskrá leikskóla bls 19-20).

Heilbrigði og velferð

„Í skólum þarf að skapa jákvæðan skólabrag og heilsueflandi umhverfi þar sem markvisst er hlúð að þroska og heilbrigði frá ýmsum hliðum. Helstu þættir heilbrigðis sem leggja þarf áherslu á eru: jákvæð sjálfsmynd, hreyfing, næring, hvíld, andleg vellíðan, góð samskipti, öryggi, hreinlæti, kynheilbrigði og skilningur á eigin tilfinningum og annarra." (Aðalnámsskrá leikskóla bls 21).

Sköpun

„Í sköpun felst að móta viðfangsefni og miðla þeim, búa til, gera eitthvað nýtt eða öðruvísi en viðkomandi kann eða hefur gert áður. Sköpun er að uppgötva, njóta, örva forvitni og áhuga, virkja ímyndunarafl og leika sér með möguleika. Sköpun er að sjá fyrir það óorðna og framkvæma það. Sköpun byggist á forvitni, áskorun, spennu og leit. Glíman við viðfangsefnið og það að finna lausn getur verið umbun sköpunarinnar í sjálfu sér. Sköpun byggist á gagnrýninni hugsun og aðferðum sem opna sífellt nýja möguleika og því skiptir sköpunarferlið ekki síður máli en afrakstur verksins. Að skapa er að fara út fyrir mengi hins þekkta og þar með auka þekkingu sína og leikni." (Aðalnámsskrá leikskóla bls 22).

3. Námssvið leikskóla

Ákveðin námssvið eru undirstaða náms barnanna í leikskólanum. Þessi námssvið skarast öll að meira eða minna leyti og haldast í hendur við leik, daglegt starf og lífsleikni barnanna. Námssviðin taka mið af grunnþáttum menntunar. Námssviðin eru: Læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sjálfbærni og vísindi, sköpun og menning.

Læsi og samskipti

Í gefandi samskiptum og leik eykst félagsfærni og sjálfsmynd styrkist. Læsi í víðum skilningi þess orðs er mikilvægur þáttur samskipta. Læsi í leikskóla felur í sér þekkingu, leikni og hæfni barna til að lesa í umhverfi sitt og tjá upplifun sína, tilfinningar og skoðanir á fjölbreyttan hátt.

Til þess að skapa aðstæður fyrir jákvæð og uppbyggileg samskipti í barnahópnum þá skiptum við börnunum í minni hópa eftir aldri og þroska. Við reynum að stuðla að því að allir fái sömu tækifæri, óháð kyni eða öðru. Gaman saman verkefnið stuðlar að samskiptum eldri og yngri barna. Við tökum tillit til óska barnanna eftir því sem hægt er og leifum þeim að ráða hvort þau leika við börn að sama kyni eða ekki.

Við höfum grunnefni við til myndsköpunar aðgengilegan í daglegu starfi eftir því sem húsnæðið gefur svigrúm til og gefum börnunum kost á því að endurskapa upplifun sína og reynslu.

Í hópstarfi og samverustundum ræðum við við börnin og gefum þeim kost á að tjá sig með fjölbreyttum hætti og ólíkum efnivið, látum þau æfa söngva eða leikrit og tjá sig fyrir framan aðra. Við notum spil og leiki sem krefjast tjáningar. Við notum tákni með tali sem stuðning við máltöku og gefum með því börnunum verkfæri til að tjá sig þó þau geti ekki talað. Við setjum orð á athafnir og notum hvert tækifæri til þess að tala við börnin. Við leggjum áherslu á að lesa fyrir börnin á hverjum degi frá upphafi leikskólagöngunnar. Við leikum okkur með rím, hlustum á ævintýri og vinnum með texta og framsögn. Við syngjum með börnunum og bjóðum upp á tónlistarstundir með tónlistarkennara. Kennarar gera sitt besta til þess að vera góðar málifyrirmyndir og nota rétt orð á hlutina. Börnin hafa alltaf aðgang að bókum til að skoða og þau fá að koma með bækur að heiman á bókadögum til að auka fjölbreytnina og skapa tækifæri fyrir umræður heima þegar verið er að velja bók.

Við notum Leikur að læra til að vinna með stafi, orð og tölur. Við höfum ritað mál sýnilegt í umhverfi barnanna svo börnin læri að þekkja tölustafi og tákni og læri að þau hafi ákveðna merkingu.

Við notum Stig af stigi og svipbrigðabolta til að gera börnin læsari á tilfinningar og efla félagsproskann. Þar fá þau einnig tækifæri til að segja frá sínum upplifunum og setja sig í spor annarra. Við nýtum tækifæri sem gefast til að ræða um margbreytileika mannlífsins, hvaðan tvítyngd börn eru, um mismunandi kynþætti og litarhátt og fleira sem spurningar vakna um í dagsins önn. Við notum skýr skilaboð, hrós og val um það sem má en það eru verkfæri SMT skólafærni.

Heilbrigði og vellíðan

Börnum er eðlislægt að hreyfa sig og það veitir þeim vellíðan og örvar nám. Hreyfing og vellíðan hafa jákvæð áhrif á samskipti barna, umgengni þeirra við umhverfi sitt og hæfni þeirra til að takast á við daglegt líf og nýjar aðstæður.

Við leggjum áherslu á að starfsfólk myndi góð og nái tengsl við hvert barn og mæti því þar sem það er statt og sinni andlegum og líkamlegum þörfum þess eftir bestu getu. Börnin eru hvött til og kennt að hjálpa sér sjálf. Við hvetjum þau einnig til að íhuga sjálf t.d. hvað er nauðsynlegur klæðnaður miðað við veður. Börnin eru hvött til hreinlætis.

Boðið er upp á hollan mat, grænmeti og ávexti oft á dag, skv. viðmiðum lýðheilsustofnunar. Við höfum vatn og mjólk til drykkjar og boðið er upp á gróft brauð.

Skipulagðir íþróttatímar eru reglulega fyrir flest börn leikskólans. Boðið er upp á fjölbreytt fínhyfiverkefni. Börnin fara daglega út þar sem þeim gefst gott tækifæri til að hreyfa sig. Við höfum aðgang að skógarreit þar sem hægt

er að klifra og ganga á ósléttum jarðvegi. Börnin ganga í íþróttahúsið einu sinni í viku. Farið er í gönguferðir um skóginn og/eða nágrennið.

Á yngri deild fara flest börnin í hvíld eftir hádegismatinn. Þau sem ekki sofa fá rólega stund við sögulestur. Á eldri deild er einnig sögulestur eftir hádegismatinn. Við notum SMT skólafærni til að skapa gott andrúmsloft og tryggja öryggi og velferð nemenda og starfsfólks. Lögð er áhersla á að koma í veg fyrir og draga úr óæskilegri hegðun nemenda með því að kenna og þjálfra félagafærni, gefa jákvæðri hegðun gaum með markvissum hætti og samræma viðbrögð starfsfólks gagnvart nemendum sem sýna óæskilega hegðun. Til þess að ná þessu notum við hvatningu og hrós.

Við notum Stig af stigi með elstu börnunum. Það stuðlar að tilfinningalegu jafnvægi og jákvæðum samskiptum þar sem það hjálpar börnunum að skilja eigin tilfinningar og setja sig í spor annarra. Það stuðlar einnig að betri félagslegum tengslum. Við tökum á móti börnunum þegar þau koma og þökkum þeim fyrir daginn þegar þau fara. Gaman saman verkefnið, sem er samstarfsverkefni Birkilundar og Varmahlíðarskóla, stuðlar að félagslegum tengslum eldri og yngri barna, skapar samfellu í starfi skólanna og auðveldar börnunum að flytjast á milli skólastiga.

Sjálfbærni og vísindi

„Ung börn læra í gagnvirkum samskiptum við umhverfi sitt. Byggja þarf á reynslu barna af umhverfinu og skapa aðstæður fyrir nýja merkingarbæra reynslu. Leggja skal áherslu á samhengi þeirra viðfangsefna sem unnið er með svo sem náttúru og samfélag, mismunandi náttúrufrýrbæri, vísindi og tækni.“

Í Birkilundi er flokkað sorp og hlutir endurnýtir, það eru notaðar tauhandþurrkur frekar en pappír, jákvæðni gagnvart þeim sem kjósa að nota taubleiur, smáhlutum safnað í vasana frekar en nota plastpoka, farið vel með hluti, t.d. bækur og leikföng, og nýtt það sem finnst í umhverfinu. Þegar farið er í skóginn og í gönguferðir þá er rætt um mikilvægi þess að ganga vel um og sýna náttúrunni virðingu. Ruslatínsluferðir eru farnar til að leggja áherslu á að það er á okkar ábyrgð að halda umhverfinu hreinu. Með því að ræða um hvernig hlutir verða til og hvaða áhrif það hefur á umhverfi og náttúru þá eykst skilningur barnanna á því hvernig það sem við gerum skiptir máli fyrir jörðina okkar.

Umræður um náttúrhamfarir og náttúrufrýrbæri stuðla að skilningi barnanna á umhverfinu og samspilinu í náttúrunni. Við nýtum það sem er í nærumhverfinu, eins og árstíðir og veðurfar til að vekja athygli barnanna á þeim áhrifum sem það hefur á umhverfið. Ský, vindur, snjókoma, regn, sólin, tré og samspil þessara þátta geta vakið upp margvíslegar umræður og upplifanir. Trén eru stundum hvít (snjór) og stundum eru þau á hreyfingu (dansa, vindur), skýin geta búið til allskonar myndir og þau eru líka á hreyfingu. Ýmislegt í lífríkinu er líka til þess fallið að vekja umræður. Við skoðum og

ræðum um tré, skordýr, gróður, fugla og önnur dýr sem við verðum vör við í umhverfinu.

Í vettvangsferðum er vakin athygli barnanna á margvíslegum auðlindum jarðarinnar og mismunandi eiginleikum efna, þau kynnast ýmsum hliðum tækni og fá meiri skilning á fjarlægðum og rými. Það eru tínd laufblöð, ber, skeljar og fleira og nýtt á margvíslegan hátt. Börnin fá tækifæri til að vinna með fjölbreyttan efnivið úr náttúrunni (mold, sandur, skógur, snjór og vatn) svo þau átti sig á mismunandi eiginleikum efna og hluta (mjúkt, hart, heitt, kalt o.s.frv.).

Námsaðferðin Leikur að læra er notuð og ýmis spil með tölum og táknum til að vinna með stærðfræðileg viðfangsefni.

Það eru sett orð á athafnir og talað um það sem fyrir augu og eyru ber. Tækifæri sem gefast í leik og starfi eru nýtt til að telja, flokka og raða.

Sköpun og menning

„Sköpun er mikilvægur þáttur í námi og þroska barna. Skapandi starf á fyrst og fremst að beinast að ferlinu sjálfu, gleðinni, tjáningunni og náminu sem á sér stað þegar hugmyndir, tilfinningar og ímyndun fá að njóta sín“

Til að örva sköpunarferli og fagurfræðilega tjáningu fá börnin frelsi til sköpunar og aðgang að fjölbreyttum efnivið. Í myndlist eru kynnt fyrir þeim efni og áhöld og fjölbreyttar aðferðir til sköpunar. Verk barnanna er höfð sýnileg.

Í frjálsum leik fær ímyndunaraflíð að njóta sín. Yngstu börnin fara í könnunarleik, þar sem þau fá verðlaust efni af ýmsum toga til leika sér með og nota á þann hátt sem þeim dettur í hug.

Ferðir um nágrenni leikskólans og á leiksýningar skapa upplifanir fyrir börnin til að vinna úr. Bækur eru aðgengilegar og það er lesið fyrir börnin á hverjum degi, þau læra þulur og í samverustundum er sungið og fari í hreyfileiki. Í tónlistarstundum er hlustað á tónlist, sköpuð tónlist, dansað og túlkað á ýmsan hátt. Í frjálsum leik fá börnin einnig að hlusta á tónlist. Það er hlustað á ævintýri eða tónlist og teiknað eða málað á meðan. Tónlistarfólk hefur spilað fyrir börnin og rithöfundur lesið upp úr verkum sínum.

Það er farið í vettvangsferðir á söfn, vinnustaði og aðra staði sem auka þekkingu barnanna á íslensku samfélagi. Þjóðerni erlendra barna er sýndur áhugi og foreldrar fengnir til samstarfs um kynningu á menningu og siðum. Þjóðlegur arfur er haldinn í heiðri, t.d. með því að bjóða upp á þorramat á þorranum, vera með jólaball þar sem gengið er í kring um jólatré og jólasveinar koma í heimsókn, bjóða upp á bollur á bolludaginn, saltkjöt og baunir á sprengidaginn og öskudagsskemmtun þar sem slegið er í tunnu. Á degi íslenskarar tungu koma nemendur 7. bekkjar og lesa fyrir börnin, haldið er saman upp á afmæli Birkilundar og dag leikskólans, farið er í heimsókn í Víðimýri og Glaumbæ með hluta af nemendum, farið er í sveitaferð með 4 elstu árganga leikskólans, á vorin er útskriftarhátíð fyrir elstu börnin þar sem þau

leggja sitt af mörkum, það er gengið á Reykjarhólinn á hverju vori og foreldrafélagið heldur sumarhátíð í júní.

3. Leikskólastarf

Leikskólastarfið fléttast saman af fjölbreyttum námssviðum, námsþáttum og daglegu lífi og leik barnsins. Í leikskólanum er barnið í brennidepli og starfshættir taka mið af þroska og þörfum hvers einstaklings. Til þess að svo megi verða er leikskólastarfinu skipt í ýmskonar leik-, náms- og samverustundir bæði inni og úti.

Útivera

Útivera býður upp á góða hreyfingu og er mikilvægur þáttur í leikskólauppeldi. Útivera er börnum holl, styrkir og eflir líkamann og eykur mótstöðuafli. Í útiveru gefast ótal tækifæri til náms, t.d. um náttúruna og veðrið. Í útiverunni leika börnin sér mest frjálts, en einnig er boðið upp á skipulagða leiki, t.d. ýmsa hópleiki.

Markmiðið er að

- efla alhliða þroska
- auka andlega og líkamlega heilsu, vellíðan, styrk og þol
- börn upplifi náttúruna og ólíkt veðurfar

Leiðir

- Hvert barn fer í útiveru a.m.k einu sinni á dag nema í undantekningartilvikum.

Samverustundir

Samverustundir gegna mikilvægu hlutverki fyrir félags- og málþroska barnanna, þau tjá sig og læra að hlusta á aðra.

Markmiðið er að

- stuðla að alhliða námi
- eiga notalega stund saman

Leiðir

- Lesnar sögur, sungið, farið í leiki og rætt saman
- Unnið með tónlist
- Ýmis fræðsla tengd menningu og samfélagi

Hópvinna

Í skipulögðu hópstarfi er unnið markvisst með öll námssviðin.

Markmiðið er að

- börnin læri að vinna saman
- börnin læri að virða skoðanir annarra
- börnin læri að taka tillit til annarra og hjálpast að

- börnin læri að fara eftir fyrirmælum og taka frumkvæði
- börnin læri að starfa í hóp að sameiginlegu markmiði
- stuðla að vellíðan og öryggi

Leiðir

- Hvert barn fer a.m.k. einu sinni í viku í hópastarf
- Börnunum er skipt í hópa eftir aldri og þroska
- Verkefni og vinnan er miðuð við hvern aldurshóp
- Sami starfsmaður sér um hvern hóp, eftir því sem við verður komið.

Val

Valið er rammi utan um frjálsta leikinn. Þar geta börnin valið sér þau svæði sem þau vilja leika sér á. Reynt er að hafa fjölbreytt val hvað varðar efnivið.

Markmiðið er að

- stuðla að sjálfræði og sjálfstæði
- bjóða upp á fjölbreytileg viðfangsefni
- nýta vel búnað og rými skólans
- börnin dreifist á leiksvæði skólans

Leiðir

- Sett eru upp ákveðin valsvæði með mismunandi viðfangsefnum
- Börnin ákveða sjálf hversu lengi þau leika sér á hverju svæði

Verkefni fyrir elstu börnin

Markmiðið er að

- stuðla að sjálfstæði og sjálfsþekkingu barnanna
- efla með börnunum vináttu og samkennd
- styrkja sjálfsmyndina, öryggi og getu til að leysa ágreiningsmál
- börnin þjálfist í að vinna saman
- börnin læri að sýna tillitsemi og umburðarlyndi
- brúa bilið milli leik- og grunnskóla

Leiðir

- Bjóða upp á fjölbreytt og þroskandi verkefni
- Unnið að þjálfun hljóðkerfisvitundar út frá Hljóm II
- Unnið með markvissa málörvun
- Samvinna við Varmahlíðarskóla þar sem bæði er um að ræða að elstu börn leikskólans fara í mismunandi tíma með flestum bekkjum grunnskólans og börn úr 1.-7. bekk grunnskólans koma í heimsókn í leikskólann.
- Unnið er með Stig af stigi, sem er kennsluefni fyrir 4 - 6 ára börn ætlað til þess að þjálfra félagslega færni.

Nám án aðgreiningar - sérkennsla

Í lögum um leikskóla nr 78/1994, 15. gr. segir: „Börn á leikskólaaldri sem vegna fötlunar, tilfinningalegra eða félagslegra erfiðleika þurfa sérstaka aðstoð

og þjálfun, eiga rétt á henni innan leikskólans undir handleiðslu sérfræðinga." Öll börn hafa jafna möguleika til að þroskast og að nýta leikskóladvölinu með því að veita þeim, sem þess þurfa, sérstaka aðstoð.

Markmiðið er að

- tryggja öllum börnum bestu og mestu möguleika á framförum
- veita börnum sem þess þurfa sérstaka aðstoð

Leiðir

- notaðir eru matslistar, s.s. TRAS, Könnun Gerd Strand, framburðarathugun og Hljóm II, til þess að finna þau börn sem líklegt er að þurfi aðstoð

Ef grunur leikur á að barn þarfnist sérkennslu er fylgst sérstaklega vel með því og í framhaldi af því eru gerðar ráðstafanir sem hægt er að gera innan ramma leikskólastarfsins. Ef ástæða þykir til frekari aðgerða er barninu, í samráði við foreldra, vísað til fjölskylduþjónustu. Sérkennslan mótast út frá þeim þörfum sem fyrir eru.

Lífsleikni

Með lífsleikni er átt við hæfni til að takast á við lífið sjálft. Segja má að leikskólanámið sé í raun samfellt lífsleikninám. Til að öðlast lífsleikni þarf barnið að læra umburðarlyndi í samskiptum sínum og samneyti við aðra, læra að bera virðingu fyrir ólíku atgervi, skoðunum og menningu. Vinátta og samkennd er dýrmætt veganesti og góður undirbúningur undir virka þáttöku í félagslífi og samstarfi síðar í lífinu. Barnið þarf að tileinka sér lífsgildi, reglur, venjur og hefðir sem ríkja heima, í leikskólanum og í samfélaginu í heild. Í leikskólanum er frumkvæði barnanna eftt og styrkt, þannig verða þau hæfari til að takast á við líf og starf í lýðræðissamfélagi. Þau eiga að taka þátt í ákvörðunum sem varða líf þeirra og leik eftir því sem aldur og þroski leyfa. Í leikskóla á barnið að fá tækifæri til að leysa deilur á jákvæðan og friðsamlegan hátt og læra að gleðjast með öðrum og lifa í sátt við sjálft sig og umhverfi sitt.

4. Foreldrasamstarf – samvinna

Leikskólinn er lögum samkvæmt fyrsta skólastigið í menntakerfinu og annast að ósk foreldra nám barna á leikskólaaldri. Foreldrar bera meginábyrgð á uppeldi barna sinna, en leikskólanám er viðbót við uppeldi foreldra, en er á engan hátt ætlað að koma í stað þess. Á þessum grundvallaratriðum byggist foreldrasamvinna. Mikilvægt er að foreldrar þekki kennara barnsins og annað starfsfólk leikskólans og að samskiptin byggist á gagnkvæmri virðingu og trausti.

Markmiðið er að

- að rækta samvinnu og samskipti leikskólans og heimilanna
- að veita foreldrum upplýsingar um starfsemi leikskólans
- að stuðla að þátttöku foreldra í starfi leikskólans

Leiðir

- Dagleg samskipti og upplýsingastreymi
- Almennur foreldrafundur einu sinni á ári
- Foreldraviðtöl
- Gefinn út kynningarbæklingur og ársáætlun
- Matseðill og viðburðadagatal er sent heim mánaðarlega
- Samvinna við foreldrafélag
- Foreldrum boðið í leikskólann við ýmis tækifæri

Velkomin í leikskóla

Samstarf milli heimilis og skóla hefst áður en barnið byrjar í leikskólanum. Á meðan barnið er í aðlögun er lagður grunnur að gagnkvæmum kynnum, trausti og virðingu á milli foreldra og leikskóla.

Í upphafi aðlögunar skulu foreldrar boðaðir á fund með leikskólastjóra og deildarstjóra viðkomandi deildar þar sem foreldrar skrifa undir dvalarsamning og farið er yfir helstu atriði og almennar reglur sem gilda í leikskólanum og fengnar upplýsingar um barnið, þarfir þess og venjur.

Aðlögun

Aðlögun barns er einn þáttur í uppeldisstarfinu og skiptir miklu máli fyrir fyrir líðan barnsins hvernig til tekst. Að byrja í leikskóla er ný reynsla, allt er framandi og ókunnugt og því er mikilvægt að vel sé staðið að málum. Með því er lagður góður grunnur að framtíðinni. Markmiðið er að efla öryggiskennd og vellíðan barnsins og foreldra þess í framandi aðstæðum og stuðla að gagnkvæmum kynnum á milli fjölskyldu barnsins og leikskólans.

Foreldrafundir

Almennur foreldrafundur er haldinn einu sinni á ári, að hausti. Þar eru gefnar margvíslegar upplýsingar um leikskólastarfið, ársáætlun og annað skipulag kynnt og rætt. Einnig er skipst á skoðunum um leikskólauppeldi og þátttöku foreldra í leikskólastarfinu.

Foreldraviðtöl

Deildarstjórar og/eða leikskólakennarar veita foreldrum einkaviðtal einu sinni á ári og oftast ef þörf krefur. Leikskólakennari upplýsir foreldra um stöðu og líðan barnsins í leikskólanum, hann byggir upplýsingar sínar um barnið á athugunum á færni þess og þroska í leik og starfi í barnahóp. Í foreldraviðtölum gefst foreldrum tækifæri til að spyrja spurninga og veita upplýsingar um barnið. Mikilvægt er bæði fyrir barnið, kennara og foreldra að foreldrar nýti sér þessa tíma. Foreldrar geta óskað eftir viðtalstíma hvenær sem er ef þeim finnst þörf á því.

Foreldrafélag

Foreldrafélag er starfandi við leikskólann. Verkefni foreldrafélaga eru margvísleg og geta félögin stutt mjög vel við starfið í leikskólunum og því er það hagar hvers leikskóla að hafa öflugt og virkt foreldrafélag. Foreldrar eru hvattir til að taka virkan þátt í starfi foreldrafélagsins. Allir foreldrar/forráðamenn verða sjálfkrafa félagar um leið og barnið byrjar í leikskólanum.

Foreldrafélagið er hugsað sem tengiliður foreldra/forráðamanna og kennara leikskólans. Það er og vettvangur fyrir foreldra/forráðamenn til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri varðandi starfið í leikskólanum.

Foreldraráð

Í foreldraráði sitja að lágmarki þrjú foreldrar. Kosið er til foreldraráðs í september ár hvert til eins árs í senn. Leikskólastjóri starfar með foreldraráði. Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og fræðslunefndar um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Trúnaður - tilkynningaskylda

Leikskólinn leggur áherslu á að fullur trúnaður ríki um allar upplýsingar er varða börnin og foreldra þeirra. Hverjum starfsmanni er skylt að gæta þagmælsku um atriði er hann fær vitneskju um í starfi sínu. Allt starfsfólk leikskóla undirritar sérstakt þagnarheit sem helst þó látið sé af starfi. Ef kennarar telja að líkamlegum og/eða andlegum þörfum barns sé ekki sinnt ber að tilkynna það barnaverndaryfirvöldum Skagafjarðar sbr. 13.gr. laga um málefni barna og ungmenna.

5. Samstarfsaðilar

Leikskólinn Birkilundur er rekinn af Sveitarfélaginu Skagafirði í samvinnu við Akrahrepp. Fræðslunefnd fer með verkefni leikskóla í sveitarfélaginu. Fjölskylduþjónusta Skagafjarðar hefur yfirumsjón með fræðslumálum. Vefslóðin er www.skagafjordur.is.

Leikskólinn hefur samvinnu við ýmsa aðila. Mikilvægt er að þessi samvinna byggji á gagnkvæmri virðingu og trausti. Hér er t.d. átt við aðra skóla, heilsugæslu, ráðgjafa- og sálfræðiþjónustu og barnaverndaryfirvöld. Þá eru oft tengsl við ýmsar stofnanir og aðila í nágrenni leikskólans.

Samvinna við grunnskóla er mikilvægur þáttur í leikskólastarfinu. Samvinna milli grunnskóla og leikskóla hefur það að markmiði að auðvelda barni að flytjast milli skólastiga og að samfella og stígandi skapist í námi og starfi barnsins. Gaman

saman verkefni Birkilundar og Varmahlíðarskóla er mótað til þess að vinna að þessum markmiðum.

Skólaskil - staða barns við lok leikskóla er eyðublað sem fyllt er inn í fyrir hvert barn í elsta árgangi leikskólans. Þetta blað fylgir barninu ásamt munnlegum skilum að vori á skilafundi með Varmahlíðarskóla. Foreldrar fá að sjá þessar upplýsingar áður en þeim er komið til grunnskólans.

6. Innra gæðamat - sjálfsmat leikskóla

Samkvæmt reglugerð ber leikskóla að móta aðferðir til að meta uppeldisstarfið svo og stjórnunarhætti, samskipti innan leikskólans og tengsl við aðila utan hans.

Barnið í brennidepli er matsaðferð sem á að hjálpa starfsfólki leikskóla við að meta gæði uppeldis- og menntastarfsins, samskipti starfsfólks, foreldrasamstarfið og stjórnun. Allt starfsfólk leikskólans tekur þátt í matinu, sem unnið er jöfnum höndum yfir starfsárið eftir því sem tími vinnst til. Niðurstöður eru nýttar til þess að þróa starfið og finna út hverju hægt er að breyta til batnaðar.

7. Stjórnun og starfshættir

Leikskólastjóri fer með daglega yfirstjórn leikskólans og ber rekstrarlega ábyrgð gagnvart fræðslustjóra. Hann stjórnar daglegri starfsemi í samráði við deildarstjóra og ber ábyrgð, ásamt deildarstjórum, á að mótuð sé heildarstefna í uppeldis- og menntamálum. Með því að virkja aðra stjórnendur innan leikskólans til þátttöku og ábyrgðar í rekstrarlegum málum og ákvörðunum er auðveldara að gæta hagræðis í rekstri án þess að rýra gæðin. Leikskólastjóra ber að skapa aðstæður sem stuðla að því að auka hæfni starfsmanna og stuðla að betri leikskólamenntun barna.

Samkvæmt lögum ber leikskólastjóra að gera rekstraraðila grein fyrir starfi hvers leikskólaárs. Starfsskýrsla er unnin eftir ákveðnu formi og koma þar fram helstu þættir í starfi leikskólans það starfsárið.

8. Öryggismál

Foreldrar eiga að geta treyst því að öryggi barnanna sé tryggt af fremsta megni á meðan á dvöl þeirra stendur. Leikskólastjóri ber ábyrgð á að öryggismál séu í lagi. Allur búnaður, húsnæði og lóð skal yfirfarin reglulega. Starfsmenn skulu kynna sér vel hvar brunaútgönguleiðir eru, hvar slökkvitæki eru staðsett og notkunarreglur þeirra. Öll slys eru skráð. Rætt við börnin um ýmis öryggisatriði, svo sem mikilvægi þess að nota öryggisbelti í bílum og hvernig við eigum að haga okkur í umferðinni. Brunavarnir leikskólans eru athugaðar reglulega. Í hvert sinn eru 2 börn úr elsta árganginum tekin með og kynnt fyrir þeim hvað það er sem þarf að vera í lagi og þau gerð meðvituð um hlutverk reykskynjara og neyðarútganga og mikilvægi þess að þessir hlutir séu í lagi.